

RioTinto

Samfélagsskýrsla og Grænt bókhald ISAL 2020



Efnisyfirlit

Yfirlýsing	5
Ávarp forstjóra	6
Fyrirtækið	8
Umhverfismál	16
Grænt bókhald 2016-2020	23
Fólkið í Straumsvík	24
Samfélag	38
Efnahagslegir þættir	42
GRI tilvísunartafla	45
Áritun endurskoðanda	50

Ábyrgð:

Bjarni Már Gylfason

Umbrot og hönnun:

Aton.JL

Ritnefnd:

Birna Pála Kristinsdóttir

Bjarni Már Gylfason

Guðni Ingólfsson

Guðrún Þóra Magnúsdóttir

Halla Dóra Sigurgeirsdóttir

Hildur Atladóttir

Ljósmyndir:

Birgir Ísleifur Gunnarsson

Björk Guðbrandsdóttir

Guðmundur Þór Kárasón

Útgefandi:

Rio Tinto á Íslandi

Straumsvík

Pósthólf 222



Yfirlýsing

Allar upplýsingar í þessari skýrslu eru réttar og veittar samkvæmt okkar bestu vitund. Þær gefa raunhæfa mynd af starfsemi fyrirtækisins og hafa mikið gildi þegar kemur að áætlunum um að bæta árangur þess.

Það er einlægur vilji okkar að stuðla að stöðugum framförum, bæði okkar eigin og annarra, á sviði sjálfbærrar þróunar.

Grænt bókhald skv. reglugerð 851/2002 er hluti af þessari skýrslu. Staðfestingu á endurskoðun þeirra upplýsinga er að finna aftast í þessari skýrslu.

Samfélagsskýrsla ISAL er gefin út í samræmi við viðmiðunarreglur Global Reporting Initiative (GRI). Upplýsingar í skýrslunni gilda fyrir almanaksárið 2020.



Rannveig Rist,
forstjóri



Brynjólfur Bjarnason,
f.h. stjórnar Rio Tinto á Íslandi HF

Ávarp forstjóra

Undanfarin ár hefur verið viðvarandi tap á rekstri ISAL og fyrirtækið fjárhagslega ósjálfbært, sem að óbreyttu hefði getað leitt lokunar álversins. Vegna þessa var sérstök endurskoðun Rio Tinto á starfsemi ISAL í gangi stærstan hluta ársins 2020. Afrakstur þeirrar vinnu var að undirritað var nýtt samkomulag við Landsvirkjun í byrjun þessa árs um breytingar á raforkusamningi við ISAL. Samkomulagið bætir samkeppnishæfni okkar og eyðir óvissu um starfsemina í Straumsvík en gildistími samningsins er óbreyttur. Því eru þetta ánægjuleg tíðindi.



breytinganna var ákveðið að framlengja starfsleyfið um 1 ár eða til 1. nóvember 2021 að frumkvæði Umhverfisstofnunnar. Með framlengingunni gefst meiri tími til að vinna að þessum umfangsmiklu breytingum.

Covid-19 faraldurinn hefur sett sitt mark á starfsemina í Straumsvík en líka á mörkuðum með okkar afurðir. Um leið og faraldurinn braust út var starfsemin öll skipulögð í samræmi við sóttvarnareglur og sýndi starfsfólk ISAL mikinn sveigjanleika og skilning og lagði áherslu á sitt eigið öryggi, heilbrigði og persónulegar smitvarnir. Framleiðslan var einnig aðlöguð breytingum á mörkuðum en fyrst eftir að faraldurinn braust út lækkaði álverð umtalsvert og bakslag var í þöntunum. Sumir viðskiptavinarnir okkar þurftu einfaldlega að stöðva sína framleiðslu tímabundið vegna mjög harðra sóttvarnaáðgerða en sem betur fer hefur það gengið til baka og eftirspurn eftir afurðum ISAL er góð.

Árið 2020 voru miklar sveiflur á álmörkuðum. Verðið fór mjög lágt um tíma þegar Covid-19 bylgjan fór af stað en fór að

hækka umtalsvert undir lok síðasta árs. Er þetta til marks um það hversu sveiflukennður þessi iðnaður er og hvernig hann getur sveiflast með þróun í heimsbúskapnum. Einnig var raforkuverð til ISAL mjög hátt á þessum tíma. Þetta leiddi til þess að framleiðsla kerskála var á 85% afköstum annað árið í röð en framleiðslan var 184.459 tonn, samanborið við 183.637 tonn árið á undan. Steypuskáli framleiddi 192.875 tonn en það er nokkru minna en árið á undan. Gæði framleiðsluvörunnar voru einstaklega mikil en eins og áður var sérstök áhersla lögð á gæðamál og góð samskipti við viðskiptavininn okkar.

Þótt framleiðslan og starfsemin í heild sinni hafi gengið vel á nýliðnu ári var fjárhagsleg afkoma fyrirtækisins ekki góð. Stærstan hluta ársins var álverð lágt og raforkuverð hátt þótt fyrirtækið hafi fengið sérstakan Covid-19 afslátt frá Landsvirkjun. Tap á rekstrinum var 87 milljónir dollara eða sem svarar 11,8 milljörðum króna.

Starfsfólk ISAL stóð sig einstaklega vel á nýliðnu ári við afar óvenjulegar aðstæður. Þótt óvissa hafi verið um rekstur og starfsemi ISAL og farið væri í gegnum tvær umferðir af kjarasamningum missti starfsfólk aldrei sjónar á því sem mestu máli skiptir – á heilsu okkar og öryggi. Fólk sýndi mikinn sveigjanleika og skilning og vel gekk að laga starfsemina að sóttvörnum vegna Covid-19. Starfsfólkið á einnig stóran þátt í því að besti árangur frá upphafi náðist í umhverfismálum. Öryggismálin voru í góðum farvegi en sem fyrr eru þau lykilatriði í allri okkar starfsemi.

ISAL leggur mikla áherslu á mennta- og fræðslumál og höfum við rekið Stóriðjuskólann frá árinu 1998. Hins vegar þurfti að draga talsvert úr fræðslu vegna samkomutakmarkana á árinu. Við erum hins vegar stolt af glæsilegum hópi starfsfólks sem lauk námi í framhaldshópi Stóriðjuskólans þar sem nemendur þurftu að sýna mikla aðlögunarhæfni til að ljúka því námi.

Í vaxandi mæli sjáum við að viðskiptavinir okkar vilja vöru sem framleidd er með ábyrgum hætti með lágu kolefnisfótspori. Í upphafi þessa árs kláraði ISAL fyrri hluta ASI (*Aluminium*

Stewardship Initiative) úttektar en undirbúningurinn var í gangi allt síðastliðið ár. Með ASI vottun getum við sýnt fram á að við framleiðum ál með ábyrgum hætti sem vottað er af þriðja aðila. Þá var gerð umhverfisfyrirlýsing fyrir framleiðsluvörunnar okkar (*Environmental Product Declaration*) en hún byggir á lífsferilsgreiningu og er einnig vottuð af þriðja aðila. Yfirlýsingin tekur á umhverfisáhrifum vörunnar og þar kemur m.a. fram að kolefnisspor bolta frá ISAL er lágt.

Samfélagsskýrsla ISAL og Grænt bókhald gefa skilmerkilegar og gagnlegar upplýsingar um rekstur og starfsemi ISAL. Skýrslan er unnin samkvæmt viðmiðunarreglum *Global Reporting Initiative* (GRI). Allar ábendingar um efni skýrslunnar eru vel þegnar. Þeim má koma til skila á vefsvæði okkar, isal.is.

Rannveig Rist,
forstjóri

Fyrirtækið

Álverið í Straumsvík er rekið af Rio Tinto á Íslandi hf. Verksmiðjuheiti álversins er ISAL og tilheyrir Rio Tinto Aluminium sem er álsvið breska námafélagsins Rio Tinto. Félagið leggur mikla áherslu á heilsu og öryggi starfsfólks, sjálfbæra þróun og heiðarleika í vinnubrögðum. Alþjóðlegar siðareglur félagsins nefnast „Þannig vinnum við“ og eru aðgengilegar á íslensku á vef ISAL. Rio Tinto er með höfuðstöðvar í London en umfang starfseminnar er mest í Ástralíu og Norður Ameríku. Höfuðstöðvar álsviðs Rio Tinto eru í Montreal í Kanada.

Um fyrirtækið

Helsta framleiðsluafurð ISAL eru sívalar stangir úr áli sem í Straumsvík eru jafnan kallaðar boltar og eru tilbúnir til þrýstimótunar hjá viðskiptavinum fyrirtækisins. Boltarnir eru framleiddir í fjölmörgum málmblöndum og í mismunandi stærðum, allt eftir óskum viðskiptavina. Álið frá Straumsvík er notað í ýmsar sérhæfðar vörur, svo sem í byggingariðnaði, bílaiðnaði, í ýmsa prófíla og ramma utan um sólarcellur. Viðskiptavinir ISAL eru um 60 talsins og eru flestir í Evrópu en fjöldi þeirra getur breyst milli ára.

Hjá ISAL starfa 356 manns með ólíkan bakgrunn. Fjölbreytnin er mikil og innan fyrirtækisins býr mikil þekking meðal starfsfólks sem á stóran þátt í velgengni þess. ISAL hefur ætíð lagt mikla áherslu á fræðslumál en Stóriðjuskólinn er stærsta verkefnið í fræðslustarfi fyrirtækisins.

ISAL leggur ríka áherslu á að bæta stöðugt frammistöðu sína í gæða-, heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismálum, setur metnaðarfull markmið á þessum sviðum og hefur mótað um þau skýra stefnu. ISAL er með samþætt stjórnkerfi gæða-, heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismála, vottað samkvæmt alþjóðlegu stöðlunum ISO 9001, ISO 14001 og ISO 45001 ásamt því að vera með vottað jafnlaunakerfi samkvæmt ÍST 85 staðlinum. Markvissar stöðugar umbætur og straumlínustjórnun eru jafnframt ein af meginstöðum

fyrirtækisins. Atvik og frávik eru skráð og grunnástæður í rót þeirra greindar. Áhættugreiningar eru framkvæmdar með tilliti til reksturs, umhverfis, heilbrigðis, öryggis og samfélags.

Við leggjum okkur fram við að starfa í sátt við umhverfi og samfélag. Þá er markmið okkar ánægðir viðskiptavinir sem líta á ISAL sem fyrsta valkost. Starfsleyfi fyrirtækisins var gefið út af Umhverfisstofnun þann 7. nóvember 2005 og gilti til 1. nóvember 2020. Sótt var um nýtt starfsleyfi í apríl 2020 og hefur gildistími starfsleyfisins verið framlengdur þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til 1. nóvember 2021. Umhverfisstofnun er jafnframt eftirlitsaðili. Fyrirtækið fellur undir fyrirtækjaflokkinn „2.1 álframleiðsla“, samkvæmt fylgiskjali með reglugerð um grænt bókhald.

Stjórn fyrirtækisins var árið 2020 skipuð sjö einstaklingum: fyrir hönd eigenda voru Jean-Francois Faure, stjórnarformaður, Sonia Lacombe, Francois Pierre de Feydeau, Brynjólfur Bjarnason og Katrín Pétursdóttir, en fulltrúar ríkisstjórnar Íslands voru Margrét Sanders og Ingvi Már Pálsson sem skipuð eru í samræmi við aðalsamning milli fyrirtækisins og stjórnvalda frá árinu 1966.



Framleiðsluferlið

Ál er framleitt með rafgreiningu súrals. Það er efnasamband áls og súrefnis (Al₂O₃) og líkist fingurðum hvítum sandi. Auk súrals eru raforka og forskaut meginhráefni við framleiðslu áls. ISAL notaði 2.914 gígawattstundir af raforku á árinu en hún er keypt af Landsvirkjun og á uppruna sinn í vatnsafts-virkjunum fyrirtækisins. Súrálið er að mestum hluta keypt frá Brasilíu og forskautin koma frá Hollandi og að nokkru leyti frá Kína, hvort tveggja flutt sjóleiðis til Íslands.

Rafgreining fer fram í kerskálum í þar til gerðum kerum. Í þremur kerskálum ISAL eru alls 480 ker og framleiðir hvert þeirra um 1,2 tonn af áli á sólarhring allt árið um kring. Til að rafgreining geti farið fram þarf að veita rafstraumi í gegnum kerin. Í hverju keru er flúorrík efnabráð sem gerir rafgreiningarferlið mögulegt. Við þetta klofnar hið sterka efnasamband súrals í ál og súrefni.

Forskautin, sem eru úr kolefni, gegna því hlutverki að koma rafstraumi í gegnum keru og fer hann út um baksautin, sem eru á botni kersins. Þegar álið klofnar frá súrefninu fellur það á botn kersins en súrefnið leitar upp á við, brennur með kolefnum forskautanna og myndar koltvísýring (CO₂).

Öll kerin í kerskálunum eru lokuð og með afsogi til að lágmarka losun flúors og ryks út í andrúmsloftið. Afsogið er leitt

inn á þurrhreinistöðvar þar sem flúor og ryk er hreinsað úr afgasinu. Vel yfir 99% flúorsins hreinsast úr afgasinu og er endurnýtt við framleiðsluna. Álið er sogað upp úr kerunum í svokallaðar deiglugur og flutt yfir í steypuskálann.

Í steypuskálanum er álið hreinsað í deiglum og síðan er fljótandi álinu dælt yfir í ofna. Þar er ýmsum efnum blandað við álið til að ná fram réttri efnasamsetningu í samræmi við kröfur viðskiptavina. Næst er álinu helt úr ofninum í rennukerfi steypuvéla en á leiðinni er það gasmeðhöndlað sem hreinsar burt síðustu óhreinindi áður en steipt er. Steypuvélar steypa 7-8 metra langa bolta í ýmsum sverleikum.

Að lokum eru boltarnir settir í gegnum hitajöfnunarferli en það hefur áhrif á efniseiginleika álsins. Í steypuskálanum eru framleiddar um 160 mismunandi vörur. Úrgangsefni sem falla til í steypuskálanum eru endurnýtt eins og kostur er, afskurður og spónn sem fellur til við sögun er endurbreiddur. Álgjall er einnig sent til endurvinnslu, en það er úrgangsefni úr hreinu áli og áloxíði sem verður til í framleiðsluferlinu. Að síðustu er álið flutt sjóleiðina til Rotterdam og þaðan áfram til viðskiptavina.



Hágæða afurðir ISAL



Í Straumsvík eru framleiddir boltar eða sívalar stangir úr áli í ýmsum stærðum og gerðum, allt eftir óskum viðskiptavina okkar. En hvað verður um þessar afurðir og hvað eru viðskiptavinir okkar að framleiða?

Stærstur hluti afurða ISAL er notaður í byggingariðnaði þar sem notkun áls fer sívaxandi. Boltar frá ISAL eru notaðir í þrýstimótun og því er algengt að framleiða margvíslega ramma, til dæmis glugga, hurðir, stigahandrið, loftræstikerfi og hitakerfi. Ál nýtist vel í byggingu húsa þar sem áhersla er lögð á sjálfbærni bygginga.

Ál er í vaxandi mæli notað í burðarvirki í háhýsum, einfaldlega vegna þess hversu létt og sterkt það er og þolir miklar sveiflur í hita án þess að tapa eiginleikum sínum.

Ál frá ISAL er einnig mikið notað í bílaiðnaði vegna eiginleika efnisins. Í raun má segja að orkuskipti í samgöngum, minnkandi eyðsla bíla sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti og framleiðsla rafbíla væri erfið án þess að nota ál. Ál er notað í nánast alla hluta bílsins en með ólíkum hætti eftir áherslum einstakra bílaframleiðenda og eru sumir bílar nánast eingöngu úr áli.

Loks fara afurðir okkar í framleiðslu á ýmsum öðrum vörum, m.a. varmaskipta vegna þess hversu vel ál leiðir varma og hversu auðvelt það er í mótun.

Stefna ISAL 2021

Hlutverk okkar er að framleiða hágæða ál með hámarksarðsemi í samræmi við óskir viðskiptavina með heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismál í fyrirrúmi. Við einsetjum okkur að vera í fremstu röð í allri starfsemi, vinna að stöðugum umbótum og að starfa ávallt í sátt við umhverfi og samfélag. Reksturinn byggir á framúrskarandi starfsfólki þar sem jafnrétti er haft að leiðarljósi. Við fylgjum lögum og reglum og uppfyllum siðareglur Rio Tinto. Framtíðarsýn okkar er að tryggja vöxt og samkeppnishæfni fyrirtækisins á sjálfbæran hátt til lengri tíma.



SKADLAUS VINNUSTADUR

Sannfæring okkar er, að áhersla á öryggis-, umhverfis- og heilbrigðismál sé forsenda framúrskarandi árangurs.



ÖFLUG LIÐSHEILD

Ein mikilvægasta auðind okkar er hæft, áhugasamt og jákvætt starfsfólk sem skapar öruggan og eftirsóknarverðan vinnustað.



VERÐMÆTASKÖPUN

Við háörkum arðsemi fyrirtækisins með stöðugum umbótum og skýrri markmiðssetningu til að tryggja skilvirkni allra ferla.



SAMSTARFSADILAR

Við leggjum okkur fram um að starfa í sátt við umhverfi og samfélag. Markmið okkar er ánægðir viðskiptavinir sem líta á ISAL sem fyrsta valkost.



VÖXTUR

Við tryggjum vöxt og samkeppnishæfni með bættri nýtingu á núverandi búnaði og með skynsamlegri fjárfestingarstefnu.

RioTinto



ÖRYGGI



SAMVINNA



HEILINDI



VIÐING



FRAMSKÆNI

Rannveig Rist

Rannveig Rist forstjóri, 21. janúar 2021.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og ISAL

Við höfum einsett okkur að vinna í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Heimsmarkmiðin eru ákveðið leiðarstef í áherslum okkar og tókum við mið af þeim við rekstur fyrirtækisins, stefnumótun og ákvarðanatöku.

Starfsemi okkar tengist öllum heimsmarkmiðum en í mismiklum mæli. Okkar greining á markmiðum gaf til kynna að við höfum mest áhrif á heimsmarkmið 4, 5, 7, 8, 9, 12 og 13. Þessi stefna var mörkuð árið 2018 og hefur verið unnið síðan að ýmsum verkefnum og áherslum á þessum sviðum. Hér má sjá yfirlit yfir helstu atriði tengd viðkomandi heimsmarkmiðum hjá ISAL:

Áherslur og verkefni



- Stóriðjuskólinn veitir starfsfólki tækifæri til menntunar og framþróunar í starfi. Á árinu var útskrift fjórða hóps framhaldsnáms.
- Veitum starfsfólki styrki til náms, bæði í háskólanám með vinnu og iðnnám.
- Símenntun sem felst í fræðslu og reglubundinni þjálfun er mikilvægur hluti af daglegum störfum.
- Allt nýtt starfsfólk fær þjálfun samkvæmt fóstrakerfi fyrir nýliða.



- Launajafnrétti; skýringarhlutfall í launagreiningu >90%.
- Laus störf; auka hlutfall endurkomustarfsmanna í sumarstörf til að jafna hlutfall kynja.
- Áhersla á að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf með því að setja markmið um að yfirvinna verði undir 3,5%.
- Innleiðing samskiptasáttmála sem meðal annars tekur á einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi.



- Með framleiðslu áls á Íslandi með endurnýjanlegri orku varðveitist orkan þar sem aðeins þarf 5% orkunnar til að endurnýta álið. ISAL hefur framleitt yfir 6,3 milljónir tonna af áli frá upphafi sem að mestu er enn í notkun.



- Framleiðum árlega um 200.000 tonn af áli til útflutnings og sköpum mikilvægar gjaldeyristekjur.
- Kaupum vöru og þjónustu af innlendum aðilum fyrir um 5 milljarða kr. árlega, fyrir utan rafmagn.
- Greiðum tæplega 500 milljónir árlega til Hafnarfjarðabæjar.
- Erum virkir þátttakendur í Álklasanum og styðjum við atvinnuþróun og uppbyggingu annarra fyrirtækja í kringum áliðnaðinn.



- Vöxtur og uppbygging ISAL er annars vegar tryggð með bættri nýtingu á búnaði og fjárfestingu og hins vegar þróun nýs búnaðar og aðferða. Ýmis verkefni eru í gangi, s.s. þróun tækni til að greina fljótandi málmsýni, þróunarvinna í rafhitun skauta og ljósbogavörnum. Fjöldmörg verkefni sem unnin voru í samstarfi við ISAL hlutu viðurkenningu á Nýsköpunarmóti Álklasans.



- Unnið hefur verið markvisst að því að draga úr notkun hættulegra efna, m.a hefur notkun svartolíu verið hætt og umhverfisvænni efni hafa komið í stað annarra svo sem fyrir kragasalla og þjöppusalla.
- Markmiðum að draga úr myndun framleiðsluúrgangs er til staðar. Einnig er unnið að því að setja markmið um að draga úr urðun úrgangs.
- Unnið var að því að fá vottun á ASI staðli og EPD (Environmental Product Declaration) var gefið út fyrir framleidda bolta.



- Unnið er í samræmi við viljayfirlýsingu sem skrifað hefur verið undir með stjórnvöldum um að kanna til hlítar hvort CarbFix geti verið raunhæfur kostur og má sjá umfjöllun um það í kafla um CarbFix í skýrslunni.
- Markmið eru til staðar fyrir losun gróðurhúsalofttegunda og má sjá árangur gagnvart markmiðunum í kaflanum um umhverfismál og í töflu fyrir grænt bókhald.
- Unnið er markvisst að því að rafvæða fartæki og var nýr herslukubbur tekinn í notkun árið 2020 í stað dísil.

Umhverfismál

ISAL leggur áherslu á að bæta stöðugt frammistöðu sína í umhverfismálum og hefur fyrirtækið mótað skýra stefnu í þeim efnum og sett markmið sem styðja við hana. Vel er fylgst með mikilvægum umhverfisþáttum auk þess sem umhverfisvöktun fer fram í nágrenni Straumsvíkur. Í þessum kafla er gerð grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem við skilgreinum sem mikilvæga. Árangur síðustu fjögurra ára má sjá í töflu yfir grænt bókhald.



Losun í andrúmsloft

Kerskálur eru helsta uppspretta mengandi efna í útblæstri en þau eru flúoríð, ryk og brennisteinstvíoxíð auk gróðurhúsalofttegunda.

Losun flúoríðs var 0,45 kg/t ál og ryks 0,47 kg/t ál sem er mjög góður árangur og vel undir viðmiðunarmörkum í starfsleyfi. Þetta er besti árangur sem náðst hefur frá því mælingar hófust. Þennan góða árangur má þakka markvissu starfi reksturs og stoðdeilda við að lágmarka losunina.

Losun brennisteinstvíoxíðs lækkaði á milli ára og var 12,6 kg/t ál sem er vel undir viðmiðunarmörkum í starfsleyfi. Helsta ástæða lækkunar er góð nýtni forskauta og að hætt er að nota svartolíu. Brennisteinsinnihald í skautum var 1,54%, í súráli 0,026% og 0,15% í flotaolíunni.


Önnur losun í andrúmsloft er aðallega frá ryksíum og eru sjálfvirkir mælar notaðir til að fylgjast með virkni þeirra. Ryk var einnig mælt handvirkt frá tveimur ryksíum og voru niðurstöðurnar 0,28 mg/Nm³ og 19,9 mg/Nm³ sem er undir viðmiðunarmörkum í starfsleyfi, sem eru 50 mg/Nm³.

Losun gróðurhúsalofttegunda


Losun gróðurhúsalofttegunda er einn af mikilvægustu umhverfisþáttum ISAL. Losuninni er skipt í tvo hluta, annarsvegar þann hluta sem fellur undir viðskiptakerfi Evrópu með losunarheimildir (ETS) en undir það fellur losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðsluferlum. Hins vegar þann hluta sem er utan ETS kerfisins og heyrir undir skuldbindingar íslenskra stjórnvalda sem er öll önnur losun, t.d. losun frá farartækjum, kælimiðlum og úrgangi (sjá töflu yfir grænt bókhald).

Gróðurhúsalofttegundirnar frá framleiðsluferlum eru koltvísýringur (CO₂) og flúorkolefni (PFC). Koltvísýringur vegur mest og myndast aðallega vegna bruna forskauta í kerskálum en einnig vegna bruna jarðefnaeldsneytis sem er að mestu notað til að hita ofna steypuskála. Flúorkolefni eru sterkar gróðurhúsalofttegundir sem myndast þegar spenna í kerum hækkar mikið.


Útblástur flúoríðs



Útblástur ryks



Útblástur brennisteinstvíoxíðs




Frá 1990 hefur losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslunni dregist saman um 50% þrátt fyrir að framleiðslan hafi tvöfaldast. Þetta skýrist að mestu af því að tekist hefur að draga mjög úr losun flúorkolefna, en losun þeirra hjá ISAL er lág samanborið við áliðnaðinn í heild (sjá línurit um flúorkolefni). Framleiðsla á áli þarfnast mikillar orku og hefur það því mikla þýðingu að ISAL nýtir raforku sem framleidd er með vatnsafla en sú orkuvinnsla veldur hverfandi losun gróðurhúsalofttegunda, samanborið við kol eða olíu.

Losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðsluferlum árið 2020 var 1,51 t/t ál samanborið við 1,59 t/t ál árið á undan. Þetta er mjög góður árangur sem má rekja til góðs reksturs kerskála. Markmiðið fram til 2030 er að viðhalda þessum góða árangri og tryggja að losunin fari ekki yfir 1,56 t/t ál. Til framtíðar stefnir ISAL á kolefnishlutleysi árið 2040. Losun gróðurhúsalofttegunda vegna raforkuframleiðslu fyrir ISAL var 25.622 tonn ef miðað er við meðallosun vegna raforkuframleiðslu á Íslandi. Stuðlar vegna orkuframleiðslu eru fengnir úr National Inventory Report sem Umhverfisstofnun gefur út.

Losun sem fellur ekki undir viðskiptakerfið en verður til innan athafnasvæðisins er díselolía sem notuð er á fartæki, kælimiðlar, SF6 sem notað er í rofabúnað og losun vegna urðunar úrgangs. Þessi losun fellur undir skuldbindingar íslenskra stjórnvalda og hefur ISAL sett sér markmið um það hvernig fyrirtækið getur stutt við aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Losunin er mest frá fartækjum en helstu aðgerðir hjá ISAL eru


Losun gróðurhúsalofttegunda innan ETS

■ Skaut ■ PFC ■ Jarðefnaeldsneyti




Losun gróðurhúsalofttegunda utan ETS

■ Farartæki ■ Kælimiðlar ■ Úrgangur



Losun flúorkolefna (PFC) hjá ISAL samanborið við áliðnaðinn á heimsvísu

■ Meðaltal áliðnaðar skv. IAI ■ ISAL



að hafa rafmagnsfartæki ávallt sem fyrsta kost við endurnýjun þeirra. Markmið fram til 2030 er að draga úr losun frá fartækjum um 600 tonn og kælimiðla um 100 tonn á ári miðað við árið 2015.

Á síðasta ári minnkaði losun gróðurhúsalofttegunda utan ETS kerfisins um rúm 400 tonn á milli ára sem að hluta til skýrist vegna minni framleiðslu.

Úrgangsmál og varasöm efni


Meirihluti úrgangs sem fellur til hjá fyrirtækinu er enduruninn eða endurnýttur, en ávallt er þó haft að leiðarljósi að draga úr myndun úrgangs eins og kostur er. Mikil endurvinnsla fer fram innan svæðisins og sem dæmi er allur afskurður af boltum endurbræddur í steypuskála. Helstu úrgangsefni sem myndast vegna framleiðslu eru skautleifar, kerbrót og álgjall.

Árið 2017 var sett markmið um að draga úr myndun framleiðsluúrgangs til næstu 10 ára og er það hluti af stefnumörkun stjórnvalda um úrgangsforvarnir. Markmiðið er að myndunin fari úr 144 kg/t ál, sem er meðaltal árána 2010 til 2017, niður í 139 kg/t ál árið 2027. Markvisst hefur verið unnið að því að draga úr mynduninni og náðist góður árangur á síðasta ári eða 129 kg/t ál sem er vel undir markmiðinu. Þakka má þennan árangur betri nýtingu skauta og minna af gjallúrgangi.

Áfram var lögð áhersla á betri flokkun á plasti og að auka vitund starfsmanna á því að draga úr matarsóun. Endurvinnsla á plasti jókst á milli ára og fór úr 9 tonnum í 26 tonn. Af þeim úrgangi sem féll til við reksturinn voru um 83% enduruninn sem er svipað hlutfall og áður.

Markvisst er unnið að því að draga úr notkun varasamra efna eins og sjá má í töflu fyrir grænt bókhald.

Meðhöndlun úrgangs 2020



Vatnsnotkun og frárennsli

Hjá ISAL er töluvert vatn notað til kælingar. Rafbúnaður er t.d. kældur með vatni og einnig er vatn notað til kælingar þegar álið er steipt í bolta. Vatnið kemur frá einum stærsta grunnvatnsstraumi landsins sem rennur til sjávar í Straumsvík. Vatnstakan hefur hverfandi áhrif á grunnvatnstrauminn.

Frárennslisvatn frá álverinu er hreinsað með tvennum hætti áður en það er leitt til sjávar. Annars vegar í rotþróum og hins vegar í olíu- og fitugildrum. Reglulegt eftirlit er með þeim og þær tæmdar eftir þörfum. Árlega eru tekin sýni í öllum útrásum og send til efnagreiningar. Niðurstöðurnar má sjá í töflunni yfir grænt bókhald. Allar mælingar voru vel innan viðmiðunarmarka í starfsleyfi (sjá töflu fyrir grænt bókhald).

Hávaði

Hávaði frá álverinu er mældur árlega í 16 mælipunktum á lóðamörkum fyrirtækisins. Helstu hávaðauppsprettur eru súráslöndunarbúnaður og þurrhreisistöðvar og eru mælingar framkvæmdar á meðan súráslöndun er í gangi. Hávaði við lóðamörk mældist innan viðmiðunarmarka í starfsleyfi.

Umhverfisatvik

Á árinu 2020 voru fimm umhverfisatvik skráð, auk 21 hér-um-bil atvika. Eitt atvikanna var frávik frá starfsleyfi en það var þegar ryk frá einni síu í skautskála fór yfir viðmiðunarmörk sem eru 50 mg/Nm³. Ýmsar úrbætur voru gerðar á síunni og tókst fljótt að koma rykinu undir viðmiðunarmörk og þar með loka frávikinu.

Frávikið var tilkynnt til Umhverfisstofnunar. Hin fjögur umhverfisatvikanna voru vegna stöðvunar þurrhreisistöðva en lengsta stöðvunin var þegar ein af þremur þurrhreisistöðvum stöðvaðist í um tvær klukkustundir. Atvikin voru tilkynnt til Umhverfisstofnunar.

Umhverfisáhrif atvikanna voru lítil og ekki mælanleg í gróðri.

Vöktun

Loftgæði eru vöktuð á Hvaleyrarholti þar sem styrkur flúoríðs, brennisteinstvíoxíðs (SO₂) og brennisteinsvetnis (H₂S) er mældur. Loftgæðastöðin er rekin af ISAL og Umhverfisstofnun. Auk loftgæðamælinga er fylgst með flúorinnihaldi gróðurs enda getur losun flúoríðs haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður og grasbíta. Til að fylgjast með áhrifunum eru tekin sýni af gróðri (furu, greni og grasi) tvisvar á ári og flúorinnihald mælt. Á fimm ára fresti er fylgst með áhrifum rekstursins á lífríki sjávar og verður næsta rannsókn árið 2023.

Loftgæði


Loftgæði á Hvaleyrarholti voru góð. Hæsta dagsmeðaltal fyrir SO₂ mældist 17 µg/m³ í suðvestan stinningskalda og er það vel undir heilsuverndarmörkum (125 µg/m³). Hæsta klukkustundarmeðaltal fyrir SO₂ var 57 µg/m³ í suðvestan kalda og er það einnig vel undir heilsuverndarmörkum (350 µg/m³).

Meðaltöl flúormælinga voru svipuð og undanfarin ár og mörg mæligildi undir greiningarmörkum mæliaðferðarinnar. Meðaltal fyrir gaskenndan flúor, reiknað sem HF er 0,018 µg/m³ og er vel undir gróðurverndarmörkunum 0,3 µg/m³. Hæstu mæligildi voru 0,06 µg/m³ og mældust yfirleitt í suðvestan kalda eða stinningskalda.

Frekari niðurstöður er að finna í skýrslu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands: **Umhverfisvöktun Hvaleyrarholti, Mælingar í lofti, Mæligögn 2020** sem eru aðgengileg á heimasíðu ISAL.

Brennisteinsdíoxíð (SO₂)

Sólarhringsmeðaltöl á Hvaleyrarholti




Gróður

Flúorinnihald í grassýnum er í lægra meðallagi á öllum svæðum en meðaltal er um 2 ppm í óábornu grasi. Öll gildi utan svæðis takmarkaðrar ábyrgðar eru lægri en viðmiðunargildi um þolmörk grasbíta. Magn flúors í laufsýnum er í meðallagi undanfarinna ára og lækkar lítillega miðað við 2019 en ársmeðaltal er um 5 ppm. Styrkur flúors í öllum sýnum er undir þolmörkum lauftrjáa sem eru um 200 ppm af flúor í plöntuvef. Flúormagn í barrsýnum lækkar einnig lítillega frá fyrra ári. Ársmeðaltal er 4 ppm fyrir eins árs barr. Öll mæligildi utan þynningar-svæðis eru lægri en 30 ppm en barrtré eru með þolmörk við 30-100 ppm flúors eftir tegund.

Frekari niðurstöður má finna í skýrslu Hafrannsóknastofnunar: **Flúormælingar í gróðri í umhverfi – RioTinto á Íslandi, Mæligögn 2020**, sem nálgast má á vefsvæði ISAL.

Flúor í gróðri

Meðaltalsniðurstöður á milli 3,7 og 10,2 km radíuss frá álverinu.



Binding CO₂ frá Straumsvík með Carbfix?



Árið 2019 skrifaði ISAL undir viljayfirlýsingu ásamt öðrum álfyrirtækjum, Elkem, Orkuveitu Reykjavíkur og íslenskum stjórnvöldum þar sem m.a. segir að kannað verði til hlítar hvort Carbfix geti orðið raunhæfur kostur, bæði tæknilega og fjárhagslega, til þess að draga úr losun koldíoxíðs (CO₂) frá áliðnaði.

Carbfix er tækni sem felur í sér að fanga CO₂ í útblæstri, leysa það upp í vatni og dæla því niður í berglög en þar binst það varanlega í steindir í berginu. Búið er að sýna fram á að tæknin virkar við Hellisheiðarvirkjun en meira en 90% af CO₂ sem dælt er niður umbreytist í grjót á innan við tveimur árum.

Samkvæmt viljayfirlýsingunni skuldbinda aðilar sig til að leita leiða til að verða kolefnishlutlausir árið 2040. Það er því til mikils að vinna ef hægt verður að nýta þessa spennandi tækni

til að binda útblástur CO₂ frá ISAL. Talið er að aðstæður til þess að nýta þessa tækni séu einstaklega góðar í kringum Straumsvík. Annars vegar er basalt berggrunnurinn á Kapelluhrauni heppilegur til að binda CO₂ og hins vegar er nægilegt vatn á svæðinu en hvoru tveggja er forsenda þess að hægt sé að nýta tæknina.

Frá því skrifað var undir yfirlýsinguna hefur verið unnið að því innan ISAL að ná frekar utan um hvað þarf gera til að nýta tæknina en helsti þröskuldurinn er sá að styrkur CO₂ í útblæstrinum er lágur. Ef vel tekst til við að ná tökum á þessari tækni í álframleiðslu verður um mikinn fjárhagslegan og umhverfislegan ávinning að ræða.

Grænt bókhald 2016-2020

	Mæli- eining	Raun 2016	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Markmið 2020
Framleiðslan							
Framleiðsla í kerskálum	tonn	204.886	211.534	212.091	183.628	183.459	
Hráefna og auðlindanotkun							
Raforka	Gwst	3.230	3.336	3.359	2.994	2.912	
Súrál	tonn	393.649	406.146	406.155	351.665	351.323	
Rafskaut	tonn	101.487	104.946	105.487	95.457	88.739	
Svartolía	tonn	1.538	2.210	2.105	1.803	-	
Flotaolía (DMA)					567	1.510	
Díselolía	tonn	619	616	787	622	696	
Própangas	tonn	61	52	73	77	63	
Kalt vatn	m ³ /t AL	49,3	48,8	49,8	55,9	52,7	
Notkun varasamra efna							
Kerviðgerðarefni	tonn	2,1	2,3	1,7	2,3	1,7	
Kragasalli	tonn	2.530	2.530	3.003	1.923	1.581	
Losun í andrúmsloft							
Heildarflúoríð	kg/t AL	0,57	0,55	0,57	0,50	0,45	0,53
Ryk	kg/t AL	0,52	0,45	0,6	0,54	0,47	1,2
Brennisteinstvíoxíð	kg/t AL	14,7	14,7	13,5	13,0	12,6	18,0
þar af frá skautum	kg/t AL	14,0	13,6	12,7	12,6	12,1	
þar af frá súráli	kg/t AL	0,45	0,9	0,6	0,3	0,5	
þar af frá jarðefnaeldsneyri	kg/t AL	0,23	0,2	0,1	0,1	0,01	
Gróðurhúsalofttegundir innan ETS (umfang 1) ¹⁾	t/t AL	1,50	1,57	1,54	1,59	1,51	1,55
þar af CO ₂ frá skautum	t/t AL	1,41	1,47	1,45	1,48	1,45	
þar af flúorkolefni (PFC)	t/t AL	0,061	0,065	0,051	0,07	0,022	
þar af CO ₂ frá jarðefnaeldsneyti	t/t AL	0,024	0,034	0,035	0,044	0,031	
Gróðurhúsalofttegundir utan ETS ²⁾	tonn	2.125	2.177	1.892	2.071	1.652	1900
þar af frá vinnuvélum (umfang 1)	tonn	1.972	1.956	1.709	1.802	1.565	
þar af frá kælimiðlum (umfang 1)	tonn	85	141	118	190	29	
þar af frá úrgangi (umfang 3)	tonn	68	80	65	79	56	
Losun í frárennsli							
Olía og fita	mg/l	<2	<2-7	<2-13	3-17	<2	<15
Ál	mg/l	<0,02-0,34	0,03-0,21	0,06-1,6	0,02-0,23	0,03-0,13	<20
Flúoríð	mg/l	<0,13-5,8	0,1-2,3	0,35-9,7	0,18-5,5	0,05-1,6	<50
Svifagnir	mg/l	<1,0-2,0	<2-12	<2-30	<2-10	<2-4	<50
Úrgangsmál							
Almennur úrgangur							
Endurunninn	tonn	23.501	25.505	22.987	19.817	19.925	
Urðað utan svæðis	tonn	258	642	730	486	487	
þar af jarðefni og múrbrot	tonn	78	265	380	147	181	
Spilliefni							
Endurunnið	tonn	3.065	3.396	3.121	3.199	2.617	
þar af álgjall	tonn	3.063	3.335	3.098	3.180	2.603	
Brennd	tonn	49	56	62	50	79	
Urðað utan svæðis	tonn	0,4	1,1	0,5	1,2	0,9	
Urðað í flæðigryfjum	tonn	5.045	4.674	4.386	4.504	4.079	
þar af kerbrot	tonn	4.422	4.229	4.037	4.167	3.725	
Hávaði og umhverfisatvik							
Hávaði við lóðamörk (lægsta-hæsta)	dB	55,5-69,5	56,7-65,4	48,9-69,7	21,8-65,2	54,9-68,5	<70
Frávik frá starfsleyfi í árslok	fjöldi	1	0	1	0	0	0

1) Viðskiptakerfi Evrópu með losunarheimildir (ETS).

2) Umfang 1 er bein losun frá starfsemi, umfang 2 er óbein losun vegna hitunar eða rafmagns, umfang 3 er önnur óbein losun.

Grænar tölur = markmiði náð Rauðar tölur = markmiði ekki náð Svartar tölur = markmið ekki skilgreint

Fólkið í Straumsvík

Við teljum að mikilvægasta auðlind okkar sé hæft, áhugasamt og jákvætt starfsfólk sem skapi öruggan og eftirsóknarverðan vinnustað þar sem jafnrétti er haft að leiðarljósi. Við leggjum því mikið upp úr að hafa frammúrskarandi starfsfólk og leggjum mikla áherslu á starfsþróun og þjálfun í starfi.

Fjöldi starfsfólks hjá ISAL var 356 í árslok 2020 í 352 starfsgildum. Þar af voru 83% karlar, 17% konur en engin með skráð hlutlaust kyn í þjóðskrá. Í framkvæmdastjórn ISAL sitja sjö aðilar, þrjár konur og fjórir karlar.


Stærstur hluti starfsfólks fylgir kjarasamningi milli ISAL og hlutaðeigandi verkalýðsfélaga þ.e. Verkalýðsfélagsins Hlífar, VM, FIT, Rafiðnaðarsambands Íslands og VR.

Sérfræðingar og stjórnendur eru með einstaklingsbundna samninga sem taka mið af launa- og frammistöðumatskerfi Rio Tinto og samningum á íslenskum vinnumarkaði.


Starfsmannavelta árið 2020 var 7,2% samanborið við 6% árið 2019. Starfsmannavelta var lægri árið 2020 en meðaltal síðustu 5 ára á undan sem er 10,4%.

“
Á árinu 2020 fóru 26 einstaklingar í fæðingarorlof og komu 23 aftur til baka að því loknu.

Fjöldi starfsfólks eftir kyni og aldri



Starfsmannavelta eftir kyni og aldri




Af nýráðningum ársins 2020 voru 33% konur og 67% karlar ef ráðningar sumarstarfsfólks eru ekki teknar með. Séu sumarráðningar teknar með er hlutfall kvenna 41% af nýráðningum ársins.


Árið 2020 réðum við 99 einstaklinga í sumarafleysingar og var hluti endurkomustarfsfólks 65%. Af nýráðnu sumarstarfsfólki voru 43% konur en 57% karlar.

Á árinu 2020 fóru 26 einstaklingar í fæðingarorlof og komu 23 aftur til baka að því loknu. Við viljum leggja áherslu á að skapa starfsumhverfi þar sem að starfsfólk sem á ung börn og lýkur fæðingaorlofi finnst eftirsóknarvert að snúa aftur til vinnu.


Endurkomuhlutfall eftir fæðingarorlof



Fjöldi nýráðninga eftir aldri og kyni – án sumarstarfsfólks



Fjöldi sumarstarfsfólks eftir kyni





Stærðarmál

Stærðarmál á jafnréttislögum var gætt og jafnlaunastefna ISAL er jafnréttisáætlun ISAL uppræð. Breytingin felur í sér að ekki er lengur rætt bara um karlkyn, heldur öll kyn. Við tölum líka um fólk frekar en menn þar sem það á við og reynum að velja orð okkar þannig að þau kyngreini sér best fjallað er um.

Stærðarmál fjölbreytileikanum og drögum fólk ekki í stafræni. Þetta er stílliti eða neinu því sem greinir okkur. Fjölbreytileiki er góður vinnustaður og við viljum við

Jafnréttis- og jafnlaunastefna ISAL

Stefna Rio Tinto á Íslandi (ISAL) er að skapa eftirsóknarverðan vinnustað þar sem jafnrétti er haft að leiðarljósi. Stefnan stuðlar að jafnrétti kynja þar með talið að greidd séu sambærileg laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Markmið jafnréttis- og jafnlaunastefnu ISAL er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum starfsfólks þannig að reynsla, þekking og hæfileikar þeirra nýtist sem best. Við fylgjum í einu og öllu lögum, reglum og kjarasamningum um jafnrétti og kjör starfsfólks.

Stefna þessi nær til og er kynnt öllu starfsfólki. Í jafnréttisáætlun koma fram aðgerðir sem stuðla að stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum.



LAUNAJAFNRETTI

Greidd eru sömu laun og kjör fyrir jafnverðmæt störf að teknu tilliti til persónubundinna þátta þannig að enginn óútskýrður launamunur sé til staðar.



LAUS STÖRF

Laus störf skulu standa öllum kynjum til boða. Jafnréttissjónarmið eru metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið við ráðningar í laus störf.



STARFSÞJÁLFUN, ENDURMENNTUN OG SÍMENNTUN

Starfsfólk skal njóta sömu möguleika til starfsþjálfunar, endurmenntunar og símenntunar til að auka þekkingu og hæfni vegna faglegrar þróunar.



SAMRÆMING FJÖLSKYLDU OG ATVINNULÍFS

Leitast skal við að skapa starfsfólki aðstæður til að samræma kröfur starfs og fjölskylduábyrgðar.



EINELTI, KYNBYNDIÐ OG KYNFERÐILEG ÁREITNI OG OFBELDI

Einelti, kynbundið og kynferðisleg áreitni og ofbeldi er undir engum kringumstæðum umborið á vinnustaðnum.

RioTinto



ÖRYGGI



SAMVINNA



HEILINDI



VIRÐING



FRAMSÆKNI


Rannveig Rist

Rannveig Rist, forstjóri 4. febrúar 2021

ISAL innleiddi jafnlaunastaðalinn ÍST 85:2012 og lauk jafnlaunavottun í nóvember 2019. Samkvæmt staðlinum ber fyrirtækjum að framkvæma árlega launagreiningu ásamt því að leggja fram úrbætur ef launagreining ber með sér niðurstöðu um óútskýrðan launamun. Segja má að ef launamunur er minni en 3,5% og skýringahlutfallið lægra en 75% þá eru niðurstöður góðar. Gerðar voru ýmsar breytingar um vægi og fylgni stiga m.t.t launagreiningar og er því ánægjulegt að sjá að útkoman fyrir árið 2020 er innan viðunandi marka.

Niðurstaða úr launagreiningu í september 2020 var 0,6% óútskýrður launamunur körlum í vil með 94,4% skýringahlutfall. Það þýðir að einungis 5,6% launadreifingar heildarlauna er óútskýrður.

Niðurstaða launagreiningar




Markmið ISAL er að ná að minnsta kosti 20% af því kyni sem minna er af í hverjum starfaflokk. Þessu markmiði hefur verið náð nema á meðal verkafólks, iðnaðarmanna og verkstjóra. Það er áskorun að ná þessu markmiði, sérstaklega meðal iðnaðarmanna enda hafa fáar konur valið nám í t.d. vélvirkjun og bifvélavirkjun.


Við kunnum að meta fjölbreytileika og bjóðum allt starfsfólk velkomið án tillits til kynþáttar, kyns, þjóðernis, trúarbragða, aldurs eða kynferðis.

Við teljum að koma eigi fram við alla af virðingu. Yfirgangur, ógnun eða hótun af öllu tagi er ekki ásættanleg á okkar vinnustað. Til að vinna að framgangi þessa málaflokks er starfandi eineltis-teymi og fagrúð. Fagrúð stóð fyrir nokkrum verkefnum er varða forvarnir sálfélagslegs aðbúnaðar. Meðal verkefna 2020 má nefna undirbúning vegna innleiðingar á samskiptasáttmála,

Kynjahlutföll stjórnenda og starfsmanna



myndbönd um einelti, fyrirlestur um andlega vellíðan og viðbrögð og stuðningur við þolendur heimilisofbeldis. Jafnframt var áhættumat undirbúið og framkvæmt í janúar 2021.



Viðbrögð og stuðningur við þolendur heimilisofbeldis



Heimilisofbeldi er því miður viðvarandi vandamál í okkar samfélagi og að undanförunu hefur útköllum lögreglu vegna slíkra mála fjölgað.

Aðstoðin byggir á þremur meginþáttum: Fjárhagsaðstoð, sveigjanleiki í vinnu og/eða launað leyfi og öryggisaðstoð ásamt ráðgjöf.

ISAL hefur ávallt verið í farabroddi þegar kemur að því að tryggja öryggi starfsfólks og hefur samþykkt verklag um viðbrögð og stuðning við starfsfólk sem er þolendur heimilisofbeldis. Tilgangurinn er annars vegar að styðja við þolendur heimilisofbeldis og hins vegar hvetja þá til að leita sér hjálpar. Við teljum að með því að hafa skýrt verklag og viðbrögð auki það líkur á að starfsfólk sem býr við heimilisofbeldi leiti eftir stuðningi hjá fyrirtækinu til að komast út úr þeim aðstæðum.

Fræðslumál

Fræðslustundir ársins 2020 námu 4.662 klukkustundum og jafngildir því að allt starfsfólk hafi hlotið að meðaltali 13 klukkustundir í þjálfun á árinu. Fræðsla, endurmenntun og reglubundin þjálfun eru hluti af daglegum störfum starfsfólks. Skipulögð þjálfun og fræðsla fer fram allt árið.


Fræðslustundir á hvern starfsmann drógust mikið saman á milli ára eða um 40%. Allt formlegt námskeiðahald raskaðist mikið vegna Covid-19 og var fjölda námskeiða aflýst.

Meðal námskeiða á árinu 2020 sem náðist þó að halda voru námskeið fyrir nýliða, skyndihjálparnámskeið, námskeið um gæðakerfi steypuskála, fallvarnarnámskeið og námskeið um leiðbeinandi samtöl.

Hjá ISAL hefur Stóriðjuskólinn verið starfræktur frá árinu 1998. Markmið skólans er að auka verðmætasköpun og samkeppnisfærni, auðvelda innleiðingu breytinga og gera vinnustaðinn eftirsóknarverðari. Námið er hugsað til að efla þekkingu, öryggi starfsfólks og starfsánægju og auka möguleika þess á starfsmenntun og þróun í starfi. Fjórði hópur framhaldsnáms náði að klára námið á árinu með því að færa kennslu í fjarnám á Teams.

Fjöldi þeirra sem hefur útskrifast úr grunnnámi eru 251 og eru 52% þeirra starfandi hjá fyrirtækinu í dag. Alls hafa 50 útskrifast úr framhaldsnámi og eru 74% þeirra starfandi núna.

Skipting fræðslu eftir flokkum árið 2020



Starfsfólk getur sótt um formlega styrki til náms, annars vegar vegna háskólanáms með vinnu og hins vegar iðnnáms með vinnu. Veittir eru að hámarki 2 styrkir á ári vegna háskólanáms og 4 á ári vegna iðnnáms.



Starfsmannasamtöl og frammistöðumatskerfi

Starfsmannasamtal er hluti af starfsþróun almenns starfsfólks. Tilgangur starfsmannasamtala hjá ISAL er að efla liðsanda á vinnustaðnum og tryggja að kröfur, þarfir og væntingar stjórnenda og starfsfólks séu ljósar og að samráð sé haft um umbætur, ef þeirra er þörf. Samtalið á að gefa starfsmanni og stjórnanda færi á að ræða verkefni, möguleg vandamál og aðgerðir til úrbóta. Starfsmannasamtalið er jafnframt tæki starfsmanns til að hafa áhrif á eigið starf, hæfni, starfsþróun og fræðslu. Áhersla starfsmannasamtala árið 2020 var á að fara yfir og meta hæfni og þekkingu starfsfólks í kunnáttutöflum. Alls luku 83% starfsfólks formlegu starfsmannasamtali.

Frammistöðumatskerfi er notað fyrir sérfræðinga og stjórnendur til að meta frammistöðu í starfi og mögulega starfsþróun. Starfsfólk setur sér markmið fyrir árið og þá þjálfun eða námskeið sem þarf til að efla það í starfi. Frammistöðusamtöl eru að meðaltali tekin við hvern og einn þrisvar á ári þar sem farið er yfir frammistöðu, stöðu markmiða og það sem betur má fara.

“
Starfsfólk getur sótt um formlega styrki til náms, annars vegar vegna háskólanáms með vinnu og hins vegar iðnnáms með vinnu.

Samskiptasáttmáli ISAL

Gerum góðan vinnustað betri með heiðarlegum, opnum og góðum samskiptum.

Samskiptasáttmáli

Góður hópur starfsfólks úr öllum deildum fyrirtækisins vann að gerð samskiptasáttmála ISAL á árinu 2019. Hópurinn kallar sig verndara samskiptasáttmálans og kynnti afrakstur vinnunnar á markmiðsfundum í upphafi árs 2020.

Markmiðið með sáttmálanum er að gera góðan vinnustað betri með heiðarlegum, opnum og góðum samskiptum. Sáttmálinn byggir á gildum ISAL og sýnir dæmi um góða og slæma hegðun.

ÖRYGGI

GÓÐ HEGÐUN:

- Setja öryggi í forgrunn
- Stöðva vinnu ef verk er ekki öruggt
- Fylgja verkferlum og stöðluðu verklagi og hvetja aðra til að gera slíkt hið sama
- Sýna raunverulega umhyggju fyrir fólki og velferð þess
- Taka vel á móti nýliðum og leiðbeina á jákvæðan og uppbyggjandi hátt
- Tilkynna öll atvik
- Tryggja að allir fái réttar upplýsingar

SLÆM HEGÐUN:

- Fórn öryggi fyrir framleiðslu
- Sleppa að tilkynna atvik eða ræða það sem aflaga fer
- Hagræða skráningu atvika til að ná markmiðum
- Stytta sér leið og/eða forðast hið raunverulega vandamál
- Bregðast illa við þegar okkur er bent á eitthvað sem betur má fara
- Sýna virðingarteysi



SAMVINNA

GÓÐ HEGÐUN:

- Sammælast um markmið og hjálpa til við að ná þeim
- Vinna saman og virða ákvarðanir
- Kynna sér málin áður en ályktanir eru dregnar eða álit gefið
- Taka tillit til styrkleika og veikleika hópsins
- Hlusta á ráðleggingar samstarfsfélaga og læra hvert af öðru
- Sýna samstarfsfólki stuðning og velvild

SLÆM HEGÐUN:

- Vinna ein/n þegar samvinna skilar betri árangri
- Sitja á upplýsingum sem geta komið öðrum að gagni
- Eigna sér vinnu annarra, eða gera lítið úr framlagi annarra
- Skorast undan því að aðstoða samstarfsfólk



FRAMSÆKNI

GÓÐ HEGÐUN:

- Halda hlutum einföldum og skila árangri
- Meta framlag, þekkingu og reynslu starfsmanna
- Bregðast við óskum viðskiptavina og samstarfsmanna
- Miðla upplýsingum, þekkingu og samræma vinnubrögð til að bæta árangur
- Setja krefjandi markmið og leggja sig fram við að ná þeim
- Temja sér nýsköpun og leitast sífellt við að bæta vinnu sína
- Benda á vandamál og reyna að leggja til lausnir

SLÆM HEGÐUN:

- Tala neikvætt um fyrirtækið út á við
- Vera neikvæð eða ósveigjanleg
- Spyrna við breytingum
- Senda tölvupóst til að spara tíma þegar símtal eða samtal er betra
- Draga ályktanir án þess að hafa kynnt sér málið
- Samþykkja slaka frammistöðu

HEILINDI

GÓÐ HEGÐUN:

- Vera heiðarleg og hreinskilin
- Segja hug okkar og láta vita þegar hlutir virðast ekki í lagi
- Taka ábyrgð á ákvörðunum okkar og gjörðum
- Halda ró okkar, vera kurteis, yfirveguð og fagleg
- Virða trúnað og þagnarskyldu
- Koma ábendingum beint til þess sem þarf að heyra þær, helst í einrúmi – tala við fólk en ekki um það

SLÆM HEGÐUN:

- Varpa ábyrgð yfir á aðra þegar erfið mál koma upp
- Kenna öðrum um eigin mistök
- Gefa loforð sem við getum ekki staðið við
- Deila trúnaðarupplýsingum til óviðkomandi aðila
- Tala niður til fólks
- Vera meðvirk, láta einelti, ofbeldi eða áreitni viðgangast



VIRÐING

GÓÐ HEGÐUN:

- Bjóða góðan dag og kynna sig þegar við á
- Taka vel á móti ábendingum og þakka fyrir
- Virða mörk annarra og forðast gróft tal
- Koma fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur
- Vera dugleg að veita hvort öðru uppbyggilega endurgjöf
- Virða friðhelgi einkalífsins
- Fagna fjölbreytileikanum

SLÆM HEGÐUN:

- Baktala samstarfsmenn eða aðrar deildir
- Þröngva skoðunum okkar upp á aðra eða þurfa alltaf að hafa síðasta orðið
- Gera lítið úr upplifun og/eða viðhorfum annarra
- Sýna hroka og gleyma mannasíðum
- Fara í vörn við endurgjöf
- Virða ekki störf annarra
- Vera með óviðeigandi húmor



SÁTTMÁLI BYGGIR Á GILDUM OG GEFUR DÆMI UM GÓÐA OG SLÆMA HEGÐUN

Öryggi – okkur er annt um hvort annað
Samvinna – við náum árangri saman
Virðing – við fögnum og hlúum að fjölbreytileika
Heilindi – við höfum hugrekki og einurð til að breyta rétt
Framsækni – við gerum eins vel og við getum til að ná frábærum árangri

Heilbrigðismál

ISAL er umhugað um heilsu síns starfsfólks og leggur áherslu á að stuðla að heilbrigðu lífi sem veitir lífsfyllingu alla ævi. Markmiðið er að byggja upp gott og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem veldur ekki atvinnutengdum sjúkdómum og jafnframt að hvetja starfsfólk til að taka ábyrgð á eigin heilbrigði, bæði andlegu og líkamlegu.

Árleg vöktun á vinnuumhverfi með tilliti til álags vegna efna, hávaða, titrings og álags á stoðkerfi er mikilvægt skref í að tryggja heilsusamlegt vinnuumhverfi. Að jafnaði eru framkvæmdar 350 mælingar á mismunandi þáttum í vinnuumhverfinu árlega. Hið sama gildir um reglubundið heilsufarseftirlit þar sem lögð er áhersla á að fylgjast með áhrifum vinnuumhverfis á heilsu, t.d. öndunarferasjúkdóma og heyrnaskerðingu auk almenns heilbrigðis. Á hverju ári fara að jafnaði 300 starfsmenn í reglubundið heilsufarseftirlit sem framkvæmt er af hjúkrunarfræðingi og trúnaðarlækni á starfsstöð ISAL.

Umbætur í vinnuumhverfi eru mikilvægar, sífellt þarf að hafa í huga hvernig hægt er að bæta það þannig að draga megi úr álagi.

Heimsfaraldur Covid-19 hafði mikil áhrif á heilbrigðismál á árinu. Mælingar í vinnuumhverfi og heilsufarseftirlit krefjast mikillar nándar við starfsfólk og var því að mestu sett í dvala á meðan smitbylgjur gengu yfir landið.

Tíminn var þess í stað nýttur til að skipuleggja næstu skref í átt að enn betri árangri.

Fimm ára áætlun – verkefni heilbrigðismála

Hugarflugsfundir voru haldnir með öllum deildum og tilgangurinn var að setja saman verkefnaáætlun heilbrigðismála til fimm ára. Verkefnin miða öll að því að draga úr álagi á starfsfólk, hvort sem er vegna mengunar, hávaða eða á stoðkerfi. Til grundvallar voru áhættugreiningar og niðurstöður mælinga í vinnuumhverfi. Margar hugmyndir komu fram og á verkefnalistann rötuðu 56 verkefni, stór og smá, sem unnið verður að næstu fimm árin og árangur metinn með viðeigandi hætti.

Andleg líðan, kvíði og streita

Andleg líðan á vinnustað er sá hluti heilbrigðismála sem er hvað viðkvæmastur og erfiðast að nálgast, en mikilvægur. Ákveðið var að auka vægi þess hluta í reglubundnu heilsufarseftirliti með markvissum hætti. Frá og með áramótum 2020/2021 eru spurningar um kvíða og streitu því hluti af heilsufarseftirliti og í kjölfarið verður útbúin aðgerðaáætlun byggð á samanteknum niðurstöðum um andlega líðan starfsfólks.

Á tímum Covid-19

Í Straumsvík höfum við þurft, eins og aðrir, að laga okkar starfsemi að þessum nýja veruleika sem Covid-19 býður upp. Í febrúar var byrjað að undirbúa starfsemina, uppfæra kafla um viðbrögð við heimsfaraldri í neyðarvarnastjórn og halda æfingu þar sem sviðsmyndin var að halda starfseminni gangandi með lágmarks mannafla. Einnig voru settar á ýmsar almennar reglur varðandi smitvarnir.

Um miðjan mars kom upp smit í fyrirtækinu. Í kjölfarið fóru allir sérfræðingar í fjarvinnu og reglur á athafnasvæðinu hertar til muna. Helstu reglur voru eftirfarandi:

- Sóttvarnarhólf - athafnasvæðinu skipt upp og engin samgangur milli deilda sem hver og ein taldist sérstakt sóttvarnarhólf
- Smitvarnir - skýrar reglur á vinnusvæðinu um sóttreinsun sameiginlegra snertiflata, 2m reglan, handþvottur og sprittun
- Baðhús – sérstakir baðtímar fyrir hópa, baðhús þrífín milli hópa
- Grímuskylda - í rútum og matarrútu
- Mötuneyti - skipt í tvö hólf, matartímum úthlutað til að lágmarka blöndun milli hópa, matur skammtaður, súpa og salatbar tekin út og sætum fækkað í matsal
- Almennar reglur - allir fundir í fjarfundi, engar heimsóknir nema með leyfi og að undangengnu áhættumati, fjölda-takmarkanir á kaffistofum

Þessu til viðbótar var starfsfólk með undirliggjandi sjúkdóma hvatt til að láta vita af sér og í samvinnu við trúnaðarlækni ákveðið hvort það skyldi vera heima vegna smithættu. Mjög fáir voru heima á meðan stærstu bylgjurnar gengu yfir. Flestir gátu mætt til vinnu og í sumum tilfellum voru sérstakar ráðstafanir gerðar til að svo mætti vera.

Stóran hluta ársins unnu sérfræðingar í fjarvinnu sem er alveg nýtt fyrir alla, en þrátt fyrir það gekk starfsemin vel. Tvisvar á tímabilinu, í apríl og nóvember, voru gerðar kannanir varðandi fjarvinnu. Tilgangurinn var að kanna hvernig fjarvinna reyndist og afla upplýsinga um atriði sem gætu gagnast til umbóta tengdum fjarvinnu. Mjög lítt munur var á svörum í þessum tveimur könnunum en þó má nefna að fleiri töldu sig vera í minni tengslum við teymið í nóvember en í apríl. Um 20% töldu andlega líðan sína verri í nóvember en fyrir Covid-19 en ánægjulegt að rúm 8% töldu andlega líðan sína betri. Fjölmargar ábendingar komu fram sem munu nýtast í framtíðinni þar sem búast má við auknum kröfum um meiri sveigjanleika í vinnu. Þessi reynsla hefur kennt okkur ný vinnubrögð sem munu nýtast okkur áfram til framtíðar.


Tvö smit komu upp meðal starfsfólks og fóru 20 manns í sóttkví í kjölfarið í 7 til 14 daga.

Samtals fóru 78 starfsmenn í sóttkví í 1 til 14 daga hver, samtals 608 daga. Flestir fóru í sóttkví í fyrstu bylgju faraldursins en mjög fáir í þeirri þriðju.

“

Stóran hluta ársins unnu sérfræðingar í fjarvinnu sem er alveg nýtt fyrir alla, en þrátt fyrir það gekk starfsemin vel.





Öryggismál

Það er sýn okkar hjá ISAL að ekkert sé mikilvægara en að starfsfólkið snúi heilt heim frá vinnu og að ekkert verk sé svo mikilvægt að fórnar megum örygginu við framkvæmd þess.

Kerfisbundið eru borin kennsl á hættur í vinnuumhverfinu og fundnar leiðir til þess lágmarka áhættuna. Áhættugreining er af ýmsum toga eftir því hversu alvarlegar afleiðingarnar gætu orðið. Gerð er áhættugreining fyrir öll vinnuvæði og störf og er hún einnig hluti af undirbúningi allra framkvæmda. Greining og stjórnun áhættuþátta er best tryggð með sameiginlegri nálgun hagaðila. Fulltrúar starfsfólks taka virkan þátt í gerð áhættugreiningar og vinnulýsinga og á daglegum fundum er farið yfir helstu áhættur dagsins og stýringu á þeim.

Hjá ISAL er starfandi öryggisnefnd sem er skipuð fulltrúum fyrirtækisins og starfsfólks og er hún samskiptavettvangur þessara aðila í málum er lúta að heilbrigðis- og öryggismálum. Markmið hennar er að hittast fjórum sinnum á ári og fara yfir heilbrigðis- og öryggismál hjá fyrirtækinu, helstu áherslur og fleira tilfallandi.

Neyðarvarnarstjórn ISAL er skipuð framkvæmdastjórn ásamt öðrum stjórnendum sem hafa víðtæka þekkingu á starfsemi. Helstu rekstraráhættur fyrirtækisins hafa verið metnar og útbúnar viðbragðs- og endurreisnaráætlanir fyrir þær. Neyðarvarnarstjórn er kölluð saman ef atvik verða og

vinnur hún þá samkvæmt viðeigandi áætlunum. Að auki eru að lágmarki tvær æfingar neyðarvarnarstjórnar á ári þar sem ákveðin áhætta er tekin fyrir í hvert sinn. Í febrúar var haldin æfing og var sviðsmyndin heimsfaraldur og hvernig skyldi halda starfsemi gangandi með lágmarks mannafla.

Allt nýtt starfsfólk fær grunnfræðslu í heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismálum áður en það hefur störf. Mánaðarlega eru haldnir fundir sem allt starfsfólk sækir þar sem farið er yfir helstu atriði er varða heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismál. Þar gefst einnig tækifæri til að ræða sértæk atriði sem eiga við hvert vinnuvæði fyrir sig. Vikulega er gefið út HSE þema og er það góð leið til að kerpa á áherslur og koma skilaboðum til starfsfólks á kerfisbundinn hátt.

Öryggisferlar

Leiðarvísir ISAL í öryggismálum er öryggisproskalíkan (safety maturity model) sem Rio Tinto gaf út árið 2019. Áætlað er að vinna eftir þessu líkani til ársins 2025 til að bæta öryggismenningu fyrirtækisins. Líkanið inniheldur fjögur meginatriði, virkni yfirmanna gagnvart öryggismálum, áhættustýringu, skipulagningu vinnu m.t.t. öryggismála, lærdóm og endurbætur. Áhersla er á að bæta virkni yfirmanna gagnvart öryggismálum með áherslu á markþjálfun verkstjóra. Einnig er lögð áhersla á að bæta skipulagningu vinnu með tilliti til öryggismála með sérstökum öryggisgáttlistum fyrir starfsfólk. Líkanið tekur einnig sérstaklega til banaslyshætta

en fyrir þær er notað sérstakt kerfi sem kallast Critical Risk Management (CRM). Í því kerfi eru öryggisstýringar fyrir banaslyshættur rýndar sérstaklega og kannað hvort þær séu í lagi. Í CRM hefur allt starfsfólk hlutverki að gegna og er slík rýni framkvæmd oft á ári.

Sérstakir ferlar eru til staðar fyrir stórslysavarnir sem kallast öryggi ferla og búnaðar (Process Safety). Þar er rýnt í verkferla og búnað í þeim tilgangi að koma auga á úrbætur til að fyrirbyggja sprengingar, efnaleka, elda og fleira sem gæti valdið banaslysum eða valdið rekstrarstöðvun með meiriháttar tjóni á mikilvægum búnaði.

Slys og önnur öryggisatvik

Öll atvik sem verða hjá ISAL svo sem slys, hér-um-bil-slys og hættutilvik eru tilkynnt, í kjölfarið rannsökuð nánar og niðurstöður notaðar til að gera viðeigandi úrbætur. Við drögum lærdóm af þeim atvikum sem verða hjá ISAL, móðurfélaginu og utan fyrirtækisins þannig að fyrirbyggja megi sambærileg atvik. Slys eru tilkynnt viðeigandi aðilum og haldið er utan um tölfræði slysa og annarra atvika samkvæmt viðurkenndum aðferðum.

Alls voru 572 tilkynningar á árinu sem vörðuðu heilbrigðis-, öryggis- eða umhverfismál. Af þeim flokkuðust 26 tilvik sem hér-um-bil slys, 32 sem meiðsli og 10 sem skyndihjálpar-slys. Tíðni slysa er reiknuð fyrir hverjar 200.000 vinnustundir og var hún 0,25 fyrir alvarleg slys, og 2,8 fyrir öll slys þ.e. fyrstu-hjálpar slys og alvarleg slys. Eitt alvarlegt slys varð árið 2020 þar sem starfsmaður skar sig á hjólsög.

Öryggismál á tímum Covid-19

Covid-19 hafði áhrif á starfsemi öryggismála eins og annað, þar með talda fjarvinnu sérfræðinga og stjórnenda. Til að viðhalda gæðum í öryggismálum í fjarvinnu var sett af stað markþjálfun í gegnum Teams með öllum verkstjórum. Þar var farið yfir lean fundi, staldraðu við, öryggistilkynningar og fleira og gafst sú þjálfun vel. Athyglisvert var að auknar reglur um smitvarnir og sú hegðun sem fólk tileinkaði sér í Covid-19 faraldrinum virtist hafa jákvæð áhrif á öryggishegðun starfsfólks.



Samfélag

Hjá ISAL er áhersla lögð á að starfa í sátt við umhverfi og samfélag. Lögð var áhersla á að viðhalda samningi okkar við ÍBH og Hafnarfjarðarbæ sem skiptir íþróttastarf barna og unglunga í bænum miklu máli. Hins vegar hafa styrkveitingar til samfélagsins frá ISAL almennt minnkað nokkuð. Skýrist það að mestu af því að ekki hefur verið úthlutað úr Samfélagssjóði Rio Tinto á Íslandi í nokkurn tíma. Einnig hafa viss verkefni runnið sitt skeið á enda og samningar ekki verið endurnýjaðir. Þessi þróun hefur haldist í hendur við versnandi fjárhagsafkomu fyrirtækisins. Árið 2020 runnu 10 milljónir króna til ÍBH og framlag okkar til verðlaunahafa Íslensku bjartsýnisverðlaunanna var 1 milljón króna.

Heimsóknir


Við leggjum áherslu á að fá til okkar gesti og kynna þeim starfsemi. Skráðar heimsóknir til ISAL 2020 voru aðeins 50. Þegar Covid-19 faraldur braust út þurfti að grípa til margvíslegra takmarkana vegna sóttvarna hjá ISAL eins og alls staðar í samfélaginu. Þetta hafði áhrif á fjölda gesta en við þurfum að stöðva slíkar heimsóknir. Þó náðum við að taka á móti tveimur hópum nemenda 10. bekkjar. Um leið og færi gefst munum við leggja áherslu á að fá til okkar gesti í heimsókn í Straumsvík.

Ábendingar, hrós og kvartanir

Fyrirtækið leggur áherslu á að allir hagsmunaaðilar okkar geti óhindrað komið að ábendingum, kvörtunum og hrósi til fyrirtækisins. Á vefsvæði fyrirtækisins, www.isal.is og á Facebook svæði félagsins er hægt að koma ábendingum á framfæri. Einnig er hægt að hringja en starfsfólk okkar er þjálfað í að taka á móti slíkum ábendingum.

Allar ábendingar, hrós og kvartanir eru skráðar um leið og þær berast og einsetjum við okkur að svara þeim og bregðast við á viðeigandi hátt. Á árinu 2020 bárust okkur tvær kvartanir og voru þær báðar vegna hávaða. Nánari athugun leiddi í ljós að uppspretta þessa hljóðs og hávaða var ekki hjá ISAL heldur líklega frá framkvæmdasvæðum í nágrenni ISAL.

Fjöldi heimsókna almennra gesta



Ari Eldjárn.

Ari Eldjárn, uppistandari og handritshöfundur, hlaut Íslensku bjartsýnisverðlaunin 2020 sem afhent voru við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson, afhenti verðlaunin, sem eru áletraður gripur úr áli frá ISAL í Straumsvík og verðlaunafé.

Bjartsýnisverðlaunin eru menningarverðlaun sem hafa verið afhent árlega frá árinu 1981 og voru nú veitt í fertugasta skipti. Upphafsmáður þeirra var danski athafnamaðurinn Peter Bröste en ISAL hefur verið bakhjarl verðlaunanna frá því að Bröste dró sig í hlé árið 2000. Forseti Íslands hefur frá upphafi verið verndari verðlaunanna.

Ari Eldjárn lauk stúdentsprófi frá Nýmáladeild 2 í Menntaskólanum í Reykjavík sem hafði mikil áhrif á hans feril og grín. Ari stundaði MA nám í handritsgerð í London Film School árið 2006 og vann ýmis störf en frá árinu 2009 hefur uppistand verið hans aðalvinna. Ari hefur komið fram með uppistandshópnum Mið-Íslandi á meira en 400 sýningum og hefur skrifað handrit að fjórum Áramótaskaupum. Ari hefur komið fram í sýningarröðum með Sinfóníuhljómsveit Íslands og skrifað og leikið í þáttunum Drekasvæðinu. Frá 2016 hefur Ari sýnt yfir 40 sýningar af Áramótaskaupinu, sýnt yfir 100 sýningar á ensku á Fringe hátíðinni í Edinborg, Melbourne International Comedy Festival og í Soho Theatre í London. Árið 2020 sendi Ari frá


sér þáttinn Pardon My Icelandic sem sýndur er á Netflix og er aðgengilegur í 190 löndum.

Í umsögn dómnefndar kom fram að Ari tilheyrir fámennum hópi listamanna sem er bæði nýr en á sér langa sögu um allan heim sem tengja saman margar ólíkar listgreinar. Ari segir sögur, af sjálfum sér, úr sínu nærumhverfi sem eru bráðfyndnar. Hann hefur einstakan hómur fyrir sjálfum sér, þjóðinni og manneskjunn. Ari er sagnamaður nútímans og er frábær fulltrúi íslenskrar menningar.

Í dómnefnd Íslensku bjartsýnisverðlaunanna eru Þórunn Sigurðardóttir, Magnús Geir Þórðarson, Rannveig Rist og Örnólfur Thorsson.

Hvað skiptir máli?

Árlega förum við vandlega yfir það hvaða atriði í okkar starfsemi skipta okkar helstu hagsmunaaðila mestu máli. Þessi atriði eru breytileg frá einum tíma til annars og eru stöðugt í endurskoðun. Í þessari vinnu horfum við bæði inn á við og leggjum mat á áherslur og væntingar starfsfólks og stjórnenda en á sama tíma veltum við því upp hvernig sömu þættir snúa að okkar ytri hagsmunaaðilum. Er þetta ferli gert í anda GRI og uppfært eftir því sem mat á aðstæðum breytist. Einnig leggjum við stöðugt mat á okkar helstu hagsmunaaðila og væntingar þeirra til okkar og högum samskiptum okkar við þá til samræmis.



Okkar helstu hagsmunaaðilar

Hagsmunaaðili	Væntingar	Samskipti
Starfsfólk	<ul style="list-style-type: none"> Öruggt vinnusvæði Heilsusamlegt vinnuumhverfi Kjarasamningar Starfsþróun og menntun Lökun Jafnréttismál Persónuvernd 	Stöðug
Nærsamfélag	<ul style="list-style-type: none"> Umhverfismál Atvinna og skatttekjur Óbein efnahagsáhrif 	Útgáfa samfélagsskýrslu Ábendingar frá samfélaginu Facebook síða fyrirtækisins
Birgjar og verktakar	<ul style="list-style-type: none"> Verkefnastaða og framleiðsla Fjárfestingar og endurbætur 	Eins oft og þurfa þykir
Viðskiptavinir	<ul style="list-style-type: none"> Gæðavörur í samræmi við staðla Afhending á réttum tíma 	Eins oft og þurfa þykir Birgjamat Heimsóknir
Stjórnvöld	<ul style="list-style-type: none"> Skatttekjur og atvinna Útflutningur og efnahagslegt framlag Árangur í umhverfismálum 	Eins oft og þurfa þykir
Eigandi	<ul style="list-style-type: none"> Fjárhagsleg afkoma Árangur í öryggismálum Árangur í umhverfismálum Framleiðsla 	Stöðug samskipti við móðurfélag og reglulegir stjórnarfundir
Landsvirkjun	<ul style="list-style-type: none"> Raforkunotkun Raforkuverð 	Regluleg samskipti
Eftirlitstofnanir	<ul style="list-style-type: none"> Árangur í umhverfis- og öryggismálum 	Reglulegir og formlegir samráðsfundir Eftirlitsskýrslur
Atvinnurekendasamtök	<ul style="list-style-type: none"> Kjarasamningar Samkeppnishæfni og efnahagsþróun 	Eins oft og þurfa þykir
Önnur samtök fyrirtækja	<ul style="list-style-type: none"> Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja Miðlun upplýsinga og reynslu 	Eins oft og þurfa þykir
Fjölmiðlar	<ul style="list-style-type: none"> Gagnsæjar upplýsingar og hreinskiptin samskipti 	Eins oft og þurfa þykir

Efnahagslegir þættir



ISAL er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins og hefur veruleg áhrif á íslenskt efnahagslíf. Áhrifin eru sérstaklega mikil í Hafnarfirði. Öll framleiðsla okkar er til útflutnings og skapar þannig verðmætar gjaldeyrstekjur fyrir þjóðarbúið. Umsvif okkar stuðla þannig að verðmætasköpun og hagvexti auk þess að styðja við gengi krónunnar. Kom það berlega í ljós á seinni hluta ársins þegar álverð fór hækkandi á sama tíma og ferðapjónustan hafði að mestu verið stopp vegna Covid-19 faraldursins.

Sú ákvörðun var tekin í janúar 2020 að ISAL yrði á 85% afköstum út árið vegna hás raforkuverðs og óviðunandi samkeppnishæfni. Vegna þessa varð framleiðsla á árinu 184.459 tonn.

Fyrirtækið gerir upp í bandarískum dollurum. Árið 2020 námu tekjur okkar 372,6 milljónum dollara eða sem svarar 50,4 milljörðum króna miðað við meðalgengi ársins. Árið á undan voru tekjur okkar 444,8 milljónir dollara og drógust saman um tæp 16,2% milli ára, mælt í dollurum en talsvert minna í krónum

talið vegna veikingar á gengi krónu gagnvart dollara. Hins vegar voru aðstæður á álmörkuðum afar krefjandi á árinu líkt og árið á undan. Þegar Covid-19 faraldurinn brast á af fullum þunga snemma árs fór álverð að lækka enn frekar en jafnaði sig smám saman þegar líða fór á árið. Þetta olli því að tap á rekstrinum var alls 87 milljónir dollara, eða sem svarar um 11,8 milljörðum króna. Til samanburðar var tap árið á undan 99 milljónir dollara. Tap ársins veldur því að ekki er greiddur tekjuskattur á árinu.

Gjöld okkar til Hafnarfjarðarbæjar námu alls 443 milljónum króna. Þar af fóru 321 milljónir í fasteignagjöld og vatnsgjald en 122 milljónir í hafnargjöld til Hafnarfjarðarhafnar. Alls keypti fyrirtækið innlenda vöru og þjónustu fyrir rúmlega 6 milljarða íslenskra króna á árinu en þessi liður hefur gjarnan sveiflast umtalsvert milli ára eftir því hvernig staðan hefur verið á ýmsum fjárfestingaverkefnum. Einnig geta gengisbreytingar haft áhrif þar sem fyrirtækið gerir upp í dollurum. Að jafnaði hefur um þriðjungur af þessari upphæð farið til fyrirtækja í Hafnarfirði en það er breytilegt á milli ára.

ISAL nýtti sér þjónustu 18 verktakafyrirtækja á árinu 2020. Starfsmenn þeirra á svæðinu voru að meðaltali 124 talsins og unnu þeir samtals 207.388 vinnustundir. Það svarar til um 25% minni útseldrar vinnu verktaka miðað við árið 2019. Þessa fækkun má rekja til hertra aðgerða vegna Covid-19. Aðeins var farið í nauðsynlegar aðgerðir og umbætur í Straumsvík til að fækka eins og kostur er umferð fólks um svæðið.

Laun og launatengd gjöld fyrirtækisins voru 5,46 milljarðar króna. Starfsfólk ISAL var 356 í 352 stöðugildum í árslok. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur birt starfamargfaldara í áliðnaði og bendir hann til að bein og óbein störf vegna starfsemi ISAL séu um 1.000.

ISAL kaupir rafmagn af Landsvirkjun samkvæmt raforkusamningi sem gerður var árið 2010 og gildir til ársins 2036. Raforkan er framleidd í vatnsaflsvirkjunum Landsvirkjunar. Raforkuverðið er trúnaðarmál en fram hefur komið hjá Eftirlitsstofnun EFTA fyrir nokkrum árum að verðið sé hærra en 30 Bandaríkjadalir á megawattstund. Árið 2020 notaði ISAL 2.912 GWh. Það þýðir að álverið borgar meira en 100 milljónir dollara á ári fyrir raforku. ISAL fékk sérstakan tímabundinn Covid-19 afslátt af raforku frá Landsvirkjun.

Aðild að samtökum

Rio Tinto á Íslandi er aðili að ýmsum hagsmunasamtökum atvinnurekenda. Við erum aðilar að Samtökum atvinnulífsins en samtökin fara með kjarasamningsumboð fyrir hönd fyrirtækisins. Rannveig Rist, forstjóri ISAL, situr í stjórn. Við erum aðilar að Samtökum iðnaðarins og Samáli, samtökum álframleiðenda. Rannveig Rist situr í stjórn Samáls og Bjarni Már Gylfason er varamaður. Við erum í Viðskiptaráði og erum aukaáðilar að Samorku, samtökum veitufyrirtækja. Loks erum við stofnaðilar að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð og í Stjórnvísi.



Árið 2019 var stofnaður samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda um loftslagsmál og grænar lausnir. Hlutverk vettvangsins er að efla samstarf atvinnulífs og stjórnvalda við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og styðja við markmið um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040. Vettvangurinn hefur hlotið nafnið Grænvangur og er ISAL einn af stofnaðilum vettvangsins en hann er hýstur hjá Íslandsstofu. Hefur vettvangurinn fengið nafnið Green by Iceland á ensku.

“

Öll framleiðsla okkar er til útflutnings og skapar þannig verðmætar gjaldeyrstekjur fyrir þjóðarbúið.

Samstarf við sprotafyrirtæki

Sprotafyrirtækið DT Equipment (DTE) hefur á síðustu árum þróað tækni sem greinir fljótandi málmsýni fyrir bæði kerskála og steypuskála. ISAL hefur stutt við bakið á þeim og á árinu 2020 var hafist handa við að prófa færanlegan búnað hjá okkur. Niðurstöður prófana hafa verið mjög jákvæðar og var í framhaldinu unnið að skipulagningu frekari prófana á árinu 2021.

Niðurstöður greininganna birtast strax á skjá þar sem hægt verður að bera þær saman við fyrri gildi. Þessi búnaður getur sparað vinnu kerskálustarfsmanna, aukið gæði efnagreiningar í málminum fyrir áltöku og verið enn eitt skrefið í að fyrirbyggja kerleka.

Í kerskálum ISAL eru tekin að lágmarki 120 álsýni á sólarhring. Í dag líða að meðaltali um 4 klst. frá því að sýni er tekið þangað til niðurstöður eru komnar inn í kerfin okkar.

Á meðfylgjandi myndum má sjá gamlan bíl sem áður var notaður í kerskálunum en DTE fengu að láni og tóku í gegn. Greiningarbúnaðurinn var settur á pall bílsins og hefur hann verið til prufu hjá okkur. Niðurstöður sýnanna munu fara beint inn í kerfin þráðlaust.



GRI tilvísunartafla

Upplýsingar um fyrirtækið			
102	1	Nafn skipulagsheildarinnar	Rio Tinto á Íslandi
102	2	Starfsemi, vörumerki, vörur og þjónusta	Fyrirtækið
102	3	Staðsetning höfuðstöðva	Straumsvík, 222 Hafnarfirði
102	4	Staðsetning rekstrar	Straumsvík, 222 Hafnarfirði
102	5	Eignarhald og félagagform	Fyrirtækið
102	6	Markaðir í þjónustu	Fyrirtækið
102	7	Stærð skipulagsheildarinnar	Efnahagslegir þættir
102	8	Upplýsingar um starfsfólk og aðra starfskrafta	Fólkið í Straumsvík
102	9	Aðfangakeðja	Efnahagslegir þættir
102	10	Verulegar breytingar á skipulagsheildinni og aðfangakeðju hennar	Ávarp forstjóra
102	11	Varúðarregla eða varúðarnálgun	Áhættuskra og áhættuflokkun starfa
102	12	Innleiðing utanaðkomandi frumkvæðis	Samfélag
102	13	Aðild að samtökum	Efnahagslegir þættir
Stefna og greining			
102	14	Yfirlýsing frá æðsta ákvörðunartaka	Ávarp forstjóra
102	15	Helstu áhrif, áhætta og tækifæri	Ávarp forstjóra
Siðareglur			
102	16	Gildi, meginreglur, staðlar og atferlvisviðmið	Fyrirtækið
102	17	Ferli fyrir ráðleggingar og mál tengd siðferði	Þannig vinnum við - siðareglur Rio Tinto
Stjórnarhættir			
102	18	Stjórnskipulag	Skipurit ISAL
102	20	Ábyrgð á framkvæmdastjórnarstigi á efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum málefnum	Yfirlýsing
102	21	Ráðgefandi hagsmunaaðilar fyrir efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg málefni	Samfélag
102	22	Samsetning æðstu stjórnar og nefnda hennar	Fyrirtækið
102	23	Formaður æðstu stjórnar	Fyrirtækið
102	24	Tilnefning og val á æðstu stjórn	Ársskýrsla
102	25	Hagsmunaaðilar	Þannig vinnum við - siðareglur Rio Tinto
102	26	Hlutverk æðstu stjórnar við framsetningu tilgangs, gilda og stefnu	Fyrirtækið
102	29	Auðkenning og stjórnun á efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum áhrifum	Skipurit ISAL, Fyrirtækið - Stefna ISAL, Samfélag
102	31	Efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg rýni á efnistöku	Samfélag, Efnahagslegir þættir, Umhverfismál Ársskýrsla
102	32	Hlutverk æðstu stjórnar við skýrslugjöf um sjálfbærni	Samskiptasvið

Stjórnarhættir frh.			
102	33	Upplýsingagjöf um mikilvæg málefni	Samskiptasvið
102	34	Eðli og heildarfjöldi mikilvægra málefna	Engu málefni sem fyrirtækinu ber að upplýsa skv. GRI stöðlum var vísað til stjórnar á árinu.
102	35	Stefnur um þóknun	Ársskýrsla
102	39	Prósentuhækkun á árlegu heildarhlutfalli launagreiðslna	Ársskýrsla
Þátttaka hagsmunaaðila			
102	40	Listi yfir hópa hagsmunaaðila	Samfélag
102	41	Sameiginlegir kjarasamningar	100%
102	42	Auðkenning og val á hagsmunaaðilum	Samfélag
102	43	Verklag við virkjun hagsmunaaðila	Fyrirtækið - Stefna ISAL
102	44	Helstu efnistöð og málefni	Samfélag
Skilgreining á efnislegum þáttum og mörkum þeirra			
102	45	Aðilar sem eru hluti af samstæðureikningskilum	Ársskýrsla
102	46	Skilgreining á efni skýrslu og mörkum efnistaka	GRI tilvísunartafla
102	47	Listi yfir viðfangsefni	GRI tilvísunartafla
102	49	Breytingar á skýrslugjöf	Ávarp forstjóra
102	50	Tímabil skýrslugjafar	2020
102	51	Dagsetning nýjustu skýrslu	2020
102	52	Tíðni skýrslugjafar	Árleg
102	53	Tengiliður vegna upplýsingagjafar um skýrsluna	samskiptasvid@isal.is
102	54	Staðhæfingar um skýrslugjöf í samræmi við GRI staðla	Ávarp forstjóra
102	55	GRI efnisvísir	GRI tilvísunartafla
102	56	Ytri trygging	Áritun endurskoðenda (nær til kafla 7 um umhverfismál)
Nálgun stjórnenda			
103	1	Útskýring á viðfangsefni og mörkum þess	Yfirlýsing
103	2	Stjórnunarnálgunin og þættir hennar	Yfirlýsing
103	3	Mat á stjórnunarnálguninni	Yfirlýsing
Fjárhagsleg frammistaða			
201	1	Beint efnahagslegt virði sem er skapað og dreift	Efnahagslegir þættir, Ársskýrsla
201	2	Fjárhagsleg áhrif og önnur áhætta og tækifæri sökum loftslagsbreytinga	Starfsemi ISAL fellur undir viðskiptakerfi ESB um losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við lög 70/2012 um loftslagsmál
201	3	Skilgreint fyrirkomulag skuldbindinga um bætur og annað fyrirkomulag eftirlauna	ISAL greiðir mótframlag í lífeyrissjóði starfsmanna í samræmi við gildandi samninga og lög
201	4	Fjárhagsaðstoð frá stjórnvöldum	ISAL fékk enga fjárhagsaðstoð frá stjórnvöldum árið 2020

Sýnileiki á markaði			
202	2	Hlutfall æðstu stjórnenda sem eru ráðnir úr nærsamfélaginu	Allir æðstu stjórnendur eru íslenskir
Óbein efnahagsleg áhrif			
203	1	Innviðafjárfestingar og þjónusta sem stutt er við	Samfélag
203	2	Veruleg óbein efnahagsleg áhrif	Efnahagslegir þættir
Innkaup			
204	1	Hlutfall útgjalda til birgja í nærsamfélaginu	Efnahagslegir þættir
Spilling			
205	1	Mat á rekstri vegna áhættu sem tengist spillingu	Þannig vinnum við - siðareglur Rio Tinto
205	2	Samskipti og þjálfun um stefnur og verklagsreglur gegn spillingu	Þannig vinnum við - siðareglur Rio Tinto
205	3	Staðfest atvik um spillingu og aðgerðir er gripið var til	Engin atvik á árinu 2020
Samkeppnishamlandi hegðun			
206	1	Lagalegar aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun, hringamyndun og einokunaraðferðum	Engin atvik á árinu 2020
Efnisnotkun			
301	1	Efni sem notuð eru eftir þyngd eða rúmmáli	Umhverfismál - Grænt bókhald
Orka			
302	1	Orkunotkun innan skipulagsheildarinnar	Umhverfismál - Grænt bókhald (Raforka í Gwst)
Vatn og frárennsli			
303-1	1	Umgengni við vatn sem samnýttar auðlindar	Umhverfismál - Vatnsnotkun og frárennsli
303-2	2	Stjórnun á áhrifum vatnslosunar	Umhverfismál - Vatnsnotkun og frárennsli
303-3	3	Vatnstaka	Umhverfismál - Vatnsnotkun og frárennsli
303-4	4	Vatnslosun	Umhverfismál - Vatnsnotkun og frárennsli
303-5	5	Vatnsnotkun	Umhverfismál - Grænt bókhald
Losun			
305	1	Bein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (umfang 1)	Umhverfismál - Losun gróðurhústegunda, Grænt bókhald
305	2	Óbein orkulosun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (umfang 2)	Umhverfismál
305	3	Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (umfang 3)	Umhverfismál - (Að hluta)
305	4	Styrkur á losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)	Umhverfismál - Grænt bókhald
305	5	Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)	Umhverfismál - Grænt bókhald
305	7	Losun köfnunarefnisoxíðs (NOX), brennisteinsoxíðs (SOX) og önnur veruleg losun lofttegunda	Umhverfismál - Losun í andrúmslofti, Grænt bókhald

Frárennsli og úrgangur			
306	1	Losun vatns eftir gæðum og áfangastað	Umhverfismál - Grænt bókhald
306	2	Úrgangur eftir tegund og förgunaraðferð	Umhverfismál - Grænt bókhald
306	3	Verulegur leki	Engir verulegir lekar voru árið 2020
Hlíting			
307	1	Ekki farið að umhverfislögum og reglum	Umhverfismál - engar sektir voru greiddar á árinu
Vinnuafl			
401	1	Nýráðningar starfsmanna og starfsmannavelta	Fólkið í Straumsvík
401	3	Foreldraorlof	Fólkið í Straumsvík
Kjaramál			
402	1	Lágmarks uppsagnarfrestur ef breytingar verða á rekstri	Lög og kjarasamningar
Heilsa og öryggi á vinnustað			
403	1	Stjórnkerfi um heilbrigði og öryggi á vinnustað	Fyrirtækið
403	2	Auðkenning á hættu, áhættumat og rannsókn atvika	Fyrirtækið
403	3	Þjónusta tengd heilbrigði á vinnustað	Fólkið í Straumsvík - Heilbrigðismál
403	4	Þátttaka starfsfólks, samráð og samskipti um heilsu og öryggi á vinnustað	Lög og kjarasamningar
403	5	Þjálfun starfsfólks varðandi heilsu og öryggi á vinnustað	Fólkið í Straumsvík
403	6	Heilsuefling starfsfólks	Fólkið í Straumsvík - Heilbrigðismál
403	9	Vinnutengd slys á fólki	Fólkið í Straumsvík - Öryggismál
Þjálfun og menntun			
404	1	Árlegur meðalfjöldi klukkustunda í þjálfun á hvern starfsmann	Fólkið í Straumsvík - Fræðslumál
404	3	Hlutfall starfsfólks sem fær reglulega rýni á frammistöðu og starfsþróun	Fólkið í Straumsvík - Fræðslumál
Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri			
405	1	Fjölbreytileiki stjórna og starfsfólks	Fólkið í Straumsvík
405	2	Hlutfall grunnlauna og þóknana kvenna í samanburði við karla	Fólkið í Straumsvík - Jafnréttismál
Jafnræði			
406	1	Atvik um mismunun og framkvæmdar úrbætur	Fólkið í Straumsvík Þannig vinnum við - siðareglur Rio Tinto
Félagafrelsi og kjaraviðræður			
407	1	Rekstur og birgjar þar sem hætta er á sniðgöngu varðandi félagafrelsi og sameiginlega kjarasamningagerð	Þannig vinnum við - siðareglur Rio Tinto

Barnavinna			
408	1	Rekstur og birgjar þar sem verulega hætta getur verið á barnaprælkun	Þannig vinnum við - siðareglur Rio Tinto
Nauðungar- og skylduvinna			
409	1	Rekstur og birgjar þar sem veruleg hætta getur verið á nauðungar- eða skylduvinnu	Þannig vinnum við - siðareglur Rio Tinto
Frumbyggjaréttur			
411	1	Brotatilvik sem fela í sér réttindi frumbyggja	Þannig vinnum við - siðareglur Rio Tinto
Mat á mannréttindum			
412	1	Rekstur sem hefur verið rýndur eða áhrifametinn með hliðsjón af mannréttindum	Þannig vinnum við - siðareglur Rio Tinto
412	2	Þjálfun starfsfólks í stefnum og verklagsreglum um mannréttindi	Þannig vinnum við - siðareglur Rio Tinto
412	3	Samkomulag og samningar um verulegar fjárfestingar og samninga sem fela í sér mannréttindaákvæði eða hafa verið skimaðir með hliðsjón af mannréttindamálum	Þannig vinnum við - siðareglur Rio Tinto
Nærsamfélagið			
413	1	Rekstur með virkni í nærsamfélaginu, áhrifamat og þróunaráætlanir	Efnahagslegir þættir
413	2	Rekstur sem hefur umtalsverð, raunveruleg og möguleg neikvæð áhrif á nærsamfélagið	Umhverfismál
Mat á samfélagsáhrifum birgja			
414	1	Nýir birgjar sem voru skimaðir á grundvelli félagslegra viðmiða	Mat gert á nýjum birgjum
414	2	Neikvæð félagsleg áhrif í aðfangakeðjunni og aðgerðir sem gripið var til	Mat á birgjum gert reglulega
Opinber stefna			
415	1	Framlag til stjórn mála	ISAL veitir ekki styrki til stjórn mála flokka skv. siðareglum (Þannig vinnum við - siðareglur Rio Tinto)
Persónuvernd viðskiptavina			
418	1	Rökstuddar kvartanir varðandi brot á persónuvernd viðskiptavina og tap á gögnum þeirra	Engin atvik á árinu 2020
Hlíting			
419	1	Ekki farið að lögum og reglum á félagslegum og efnahagslegum sviðum	Engin atvik á árinu 2020

Áritun endurskoðanda



KPMG ehf.
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Rio Tinto á Íslandi hf.
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Óháð staðfesting til Rio Tinto á Íslandi hf. vegna græns bókhalds

Við höfum kannað skýrslu Rio Tinto á Íslandi hf. (hér eftir Rio Tinto eða félagið) um grænt bókhald fyrir árið 2020. Staðfesting okkar felst í skoðun á því hvort tölur sem gefnar eru upp í skýrslu Rio Tinto um grænt bókhald séu í samræmi við upplýsingakerfi fyrirtækisins og að upplýsingar um mengunarmælingar sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga séu réttar.

Ábyrgð stjórnenda

Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í íslenskri löggjöf.

Ábyrgð okkar

Ábyrgð okkar felst í að afla nægilegrar vissu um og gefa óháð álit á því hvort upplýsingar séu réttar og í samræmi við starfsleyfi og lög og reglur um grænt bókhald. Skoðun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3000 um staðfestingar. Samkvæmt honum ber okkur að fara eftir settum síðareglum, þar með talið óhæðiskröfum, og skipuleggja og haga vinnu okkar þannig að nægjanleg víska fáiist um hvort ákveðnar upplýsingar í skýrslunni sé í öllum meginatriðum án annmarka.

Í því sambandi var eftirfarandi kannað með úrtökum:

- hvort tölur sem gefnar eru upp séu réttar og í samræmi við upplýsingakerfi félagsins
- hvort upplýsingarnar sem birtar eru í skýrslunni um mengunarmælingar séu í samræmi við niðurstöður Sýni ehf, sem sér um og hefur eftirlit með mengunarmælingum fyrir félagið
- hvort tölulegar upplýsingar í skýrslunni um mælingar séu í samræmi við gögn
- hvort skilyrðum í lögum og reglum um innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt

Við teljum að við skoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að skýrsla Rio Tinto hf. um grænt bókhald á árinu 2020 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Reykjavík, 26. apríl 2021

KPMG ehf.

Hilga Handardóttir

